

Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík.

Hafnarfirði 02.03.2016

KVÖRTUN TIL UMBOÐSMANNS ALÞINGIS:

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala voru formlega stofnuð vorið 2014. Aðalmarkmiðið með stofnun samtakanna var að koma heilbrigðisstarfsemi af stað á ný í St. Jósefsspítala Hafnarfirði, fyrrum umdæmissjúkrahúsi Hafnarfjarðar og fleiri sveitarfélaga skv. heilbrigðislögum 40/2007.

Á sl. árum hafa vaknað spurningar um starfsemi heilbrigðiskerfisins á Íslandi, sameiningar heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og samráðsleysi Velferðarráðherra, Velferðarráðuneytisins og Landspítala við sveitarfélög þar sem gert er ráð fyrir að sveitarfélög taki við þjónustu við aldraða á næstu árum.

Við skoðun Hollvinsamtakanna á því hvernig lokun St. Jósefsspítala bar að árið 2011 hafa vaknað spurningar um lögmæti þess gjörnings, stjórnarsýsluna bakvið lokunina, umræðuleysi í Heilbrigðisnefnd Alþingis 2010 um þessa sameiningu/lokun og hin áberandi svik sem koma fram á milli stjórnarsýslustiga, á milli íslenska ríkisins og sveitarstjórnar Hafnarfjarðar þar sem sveitarstjórnarmönnum í Hafnarfirði var lofað áframhaldandi starfsemi á Lyflækningadeild í St. Jósefsspítala en spítalanum var síðan lokað af Landspítala stuttu eftir sameiningu spítalanna tveggja.

Því er óskað eftir því að Umboðsmaður Alþingis skoði, og úrskurði um lögmæti þessa gjörnings, ekki síst þátt Landspítala, sem ákvað að loka St. Jósefsspítala, þvert á gefin loforð sinna æðri yfirboðara.

Virðingarfyllst.

Steinunn Guðnadóttir formaður Hollvinasamtaka St. Jósefssp. (sími 896-4071)

Stefanía Ámundadóttir gjaldkeri Hollvinasamtaka St. Jósefssp.(sími 855-2280)

Guðrún Bryndís Karlsdóttir meðstj. Hollvinsamtaka St. Jósefssp.(696-6678).